

Eygló Harðardóttir
Félags- og húsnæðismálaráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2014

Efni: Framlag ríkisins til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

Með afgreiðslu fjárlaga 2015 hefur verið staðfestur sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að standa ekki við lög og samninga við aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu starfsendurhæfingar og fjármögnun á VIRK- Starfsendurhæfingarsjóði. Samkvæmt lögum og samningum átti framlag ríkisins til VIRK að nema um 1.100 m.kr. á árinu 2015. Framlag ríkisins átti m.a. að fjármagna starfsendurhæfingu fyrir þá einstaklinga sem ekki er greitt iðgjald af til sjóðsins með framlagi frá atvinnurekendum og lífeyrissjóðum. Um er að ræða einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar, örorkulífeyrisþega og skjólstæðinga félagsmálastofnana.

Forsvarsmenn VIRK hafa átt árangurslausar viðræður við ráðherra og embættismenn velferðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis vegna þessa en hafa eingöngu mætt óbilgjörnum kröfum um mikinn niðurskurð í starfseminni, þrátt fyrir að hún hafi skilað miklum ávinningi til einstaklinga, ríkissjóðs, lífeyrissjóða og samfélagsins í heild. Að auki hefur komið fram skortur á skilningi á hlutverki aðila vinnumarkaðarins í uppbyggingu á félagslegum réttindum á vinnumarkaði. Því miður hafa áherslur stjórnvalda í þessum mikilvæga málaflokki snúið að allt öðrum þáttum en þeim árangri sem náðst hefur með tilkomu VIRK. Einkum virðist sá varasjóður sem byggður hefur verið upp með framlögum atvinnulífsins, og nauðsynlegur er til að mæta óvissri framtíð sjóðsins, vera þeim þyrnir í augum.

Það hefur komið skýrt fram hjá stjórn VIRK, bæði í umsögnum um fjárlagafrumvarpið og í samskiptum við ráðherra og embættismenn ráðuneytisins, að ef ríkið stendur ekki við sinn þátt í fjármögnun á VIRK á næsta ári, eins og lög og samningar þessarar og þriggja fyrri ríkisstjórna kveða á um, þá mun VIRK ekki geta tekið einstaklinga í þjónustu á árinu 2015 sem ekki er greitt iðgjald af í sjóðinn. Það felur í sér að ekki verður lengur fyrir hendi eitt heildarkerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með jöfnum aðgangi fyrir alla einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda, eins og stefnt var að með lögum 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.


Á árinu 2013 var gert samkomulag um að VIRK tæki yfir samninga ráðuneytisins við starfsendurhæfingarstöðvar um allt land fyrir um 400 m.kr. á ári. VIRK hefur þannig sparað

velferðarráðuneytinu 800 m.kr. útgjöld á árunum 2013 og 2014. Það var gert í trausti þess að staðið yrði við lög og samninga um uppbyggingu á VIRK, þ.e. að ríkið myndi standa við sinn hluta samkomulagsins og koma að fjármögnun VIRK eins stefnt hefur verið að frá upphafi. Nú liggur fyrir að ríkið mun ekki að standa við samkomulagið og því er VIRK nauðbeygt til að tilkynna starfsendurhæfingarstöðvunum um breyttar forsendur þjónustukaupa á næsta ári.

Í nýsamþykktum fjárlögum 2015 hefur Alþingi ákveðið að framlög ríkisins til VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs verði 200 m.kr. á næsta ári. Engar skýringar er að finna á þessari fjárhæð í nefndarálitum efnahags- og viðskiptanefndar. Engar viðræður hafa átt sér stað við forsvarsmenn VIRK vegna þessarar fjárhæðar. Fullkomlega óljóst er hvaða breytingu þessi fjárhæð á að hafa á réttindi hugsanlegra skjólstæðinga VIRK eða skyldur VIRK gagnvart þeim. Þá verður ekki séð að umræddar 200 milljónir breyti neinu er varðar viðhorf stjórnvalda til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði um uppbyggingu á atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Stjórn VIRK sér því engan möguleika á því að taka við þessari greiðslu.

Stjórn VIRK er sem fyrr reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina á grundvelli virðingar fyrir gerðum samningum og þeim réttindum sem um hefur verið samið á vinnumarkaði.

Fyrir hönd stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs



Hannes G. Sigurðsson, formaður stjórnar

Samrit sent til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra